

Ályktun um fyrirhugaðar skerðingar á rétti til atvinnuleysistrygginga og afnám áminningarskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Stjórn Verkalýðsmálaráðs Samfylkingarinnar – Jafnaðarflokks Íslands lýsir yfir alvarlegum áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Fyrirliggjandi tillögur fela í sér skerðingar á réttindum launafólks almennt - réttindum sem hafa verið hornsteinn íslensks vinnumarkaðar í áratugi.

Á íslenskum vinnumarkaði hefur um langt skeið ríkt sú grundvallarregla að ákvarðanir sem snerta kjör og starfsöryggi launafólks eru teknar í nánun og markvissu samráði við heildarsamtök launafólks. Slíkt þríhliða samstarf stjórnvalda, launafólks og atvinnurekenda er ekki aðeins faglegt og eðlilegt – heldur er það lögbundið og lykilforsenda trausts og stöðugleika á vinnumarkaði. Þetta samstarf hefur lagt grunninn að velsæld og jöfnuði á Íslandi.

Tillögurnar sem nú liggja fyrir eru þess eðlis að þær krefjast víðtæks samstarfs og vandaðra greininga, enda varða þær grundvallarréttindi á vinnumarkaði. Það má alls ekki gerast á okkar vakt, Samfylkingarinnar, að samráð við heildarsamtök launafólks í svo mikilvægum málum sé hunsað og réttindi launafólks skert einhliða. Ríkisstjórnin er með því að stefna þessu samstarfi í óvissu sem mun grafa undan festu og fyrirsjáanleika á vinnumarkaði.

Eftirfarandi breytingar valda stjórn Verkalýðsmálaráðs Samfylkingarinnar sérstökum áhyggjum:

•Stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga um 40% getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og stuðlað að verri fjárhagsstöðu þeirra og sveitarfélaga.

Breyta réttindamyndun í atvinnuleysistryggingum úr þremur í 12 mánuði sem getur útilokað fjölda þeirra sem vinna tímabundið, stunda sveigjanleg störf eða eru að fóta sig á vinnumarkaði.

•Draga úr starfsöryggi opinberra starfsmanna með afnámi áminningarskyldu en henni er ætlað að stuðla að því að stjórnendur taki upplýsta og málefnalega ákvörðun um uppsögn. Áminningarskyldan er að sama skapi vörn gegn því að ákvörðun um uppsögn úr starfi sé ekki byggð á geðþótta eða misbeitingu valds.

Verði þessar breytingar að veruleika munu þær skerða starfsöryggi, tekjuöryggi, félagslegt öryggi og stöðu fólks sem stendur höllum fæti. Þær munu jafnframt grafa undan faglegum ástæðum uppsagna sem lúta að skyldum á opinberum vinnumarkaði.

Stjórn Verkalýðsmálaráðs Samfylkingarinnar hvetur ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur eindregið til þess að málin verði tekin til markvissrar endurskoðunar, að fram fari raunverulegt samráð við aðila vinnumarkaðarins og að tryggt verði að allar breytingar á réttindum launafólks byggist á faglegum grunni, gagnsæi og

ábyrgum vinnubrögðum. Það kallar m.a. á að mat fari fram á afleiðingum fyrirhugaðra lagabreytinga til lengri og skemmri tíma fyrir launafólk með hliðsjón af kyni, aldri, búsetu, fötlun, uppruna og öðrum þáttum sem máli skipta þegar kemur að mögulegri mismunun á vinnumarkaði. Þess má geta í þessu sambandi að meirihluti opinberra starfsmanna eru konur og meirihluti þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá í upphafi árs 2026 er fólk af erlendum uppruna svo dæmi sé tekið.

Stjórn Verkalýðsmálaráðs Samfylkingarinnar